

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar - Janúar 2017

## Aukið atvinnuleysi í kjölfar verkfalls sjómanna

Skráð atvinnuleysi í janúar var 3,0% og jókst um 0,7 prósentustig frá desember 2016. Alls voru að meðaltali 5.200 atvinnulausir í mánuðinum og fjölgaði að meðaltali um 1.281 frá desember. Fjölgun atvinnulausra má að stærstum hluta rekja til uppsagna fiskverkafólks í kjölfar verkfalls sjómanna.

Allmörg fyrirtæki fóru þá leið að segja ekki upp starfsfólki en hafa sótt um styrk úr Atvinnuleysis-tryggingasjóði til að mæta hluta af launakostnaði á meðan á verkfallinu stendur með vísan í ákvæði um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnslu. Þar er um að ræða nálægt 1.100 manns til viðbótar við þá sem hafa skráð sig atvinnulausa.

Atvinnuleysi stendur yfirleitt nokkurn veginn í stað á milli janúar og febrúar. Vinnumálastofnun gerir hins vegar ráð fyrir að atvinnuleysi muni aukast nú í febrúar vegna sjómannaverkfallsins. Allmargir hafa skráð sig

atvinnulausa í lok janúar og í byrjun febrúar og má búast við áframhaldandi skráningum dragist sjómannaverkfallið á langinn.


Auk fiskvinnslufólks og sjómanna var nokkur fjölgun atvinnulausra úr byggingariðnaði, flutningastarfsemi, verslun og fleiri atvinnugreinum, sem er í takt við hefðbundna árstíðasveiflu.

Í janúar gaf Vinnumálastofnun út 141 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Útgefnum atvinnuleyfum fer fjölgandi, en gefin voru út 111 slík leyfi í janúar 2016 og 53 í janúar 2015.

Yfir 500 manns fóru af atvinnuleysisrá og í vinnu í janúar. Gera má ráð fyrir að fjöldinn sé meiri, því um 300 manns að auki fóru af skrá án þess að geta skýringa.

Vinnumálastofnun tók við umsýslu vinnusamninga öryrkja á árinu 2016. Í janúar voru í gildi 816 slíkir vinnusamningar um allt land. Stærsti hópurinn sem er á slíkum samningum er á aldrinum 29 ára og yngri.

Skráð atvinnuleysi í janúar 2015 til janúar 2017



## Greining atvinnuleysis


# Atvinnuleysi í janúar og horfur til næstu mánaða

Eins og áður hefur komið fram mældist skráð atvinnuleysi í janúar 3,0% og jókst hratt í mánuðinum, að mestu vegna áhrifa af sjómannaverkfallinu. Mesta fjölgun atvinnuleitenda er því í hópi þerra sem voru starfandi við fiskvinnslu og fiskveiðar, en einnig fjölgaði nokkuð í mannvirkjagerð, flutningastarfsemi og fleiri greinum.

## Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi jókst mun meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu vegna mikilla áhrifa verkfalls sjómanna þar. Þannig fjölgaði atvinnulausum um 1.048

Atvinnuleysi eftir landshlutum



á landsbyggðinni í janúar en um 233 á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysi fór aðeins úr 2,3 í 2,4% á höfuðborgarsvæðinu, en úr 2,4% í 4,1% á landsbyggðinni. Mest var atvinnuleysið á Vestfjörðum eða 5,8% og hafði þá farið úr 1,9% í desember. Næstmest var atvinnuleysi á Norðurlandi eystra, 5,2%, og á Suðurnesjum 4,5%.

## GREIÐSLUSTOFA GREIDDI

# 1,069 milljónir

## Í JANÚAR

Þar af voru:

**954 milljónir** vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.

**33 milljónir** vegna barnadagpeninga.

**83 milljónir** vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.

Atvinnuleysi jókst bæði meðal karla og kvenna í janúar. Fjöldi karla sem bættust við á atvinnuleysissskrá var þó meiri, eða 692 á móti 589 konum. Alls voru 2.547 karlar atvinnulausir í janúar og 2.653 konur. Atvinnuleysi var 2,7% meðal karla og 3,4% meðal kvenna í janúar og er nú 0,1 prósentustigi meira meðal beggja kynja en í janúar 2016.

Atvinnulausum fjölgaði í öllum aldurshópum, hlutfallslega mest þó í yngsta aldurshópnum (18-24 ára). Þó ungu fólki á atvinnuleysissskrá fjölgi jafnan á þessum tíma er aukningin meiri nú, sem tengist verkfalli sjómanna. Þrátt fyrir þessa fjölgun ungra atvinnuleitenda eru þó færri ungmenni á skrá nú en fyrir ári, en alls voru 773 úr þessum aldurshópi atvinnulausir nú í janúarlok samanborið við 831 fyrir ári. Skráð atvinnuleysi ungmennanna samsvarar um 3% atvinnuleysi.

## Lengd atvinnuleysis


Alls höfðu 915 verið án atvinnu í yfir 1 ár í lok janúar en 1.091 í janúarlok 2016 og hefur því fækkað um 176 milli ára. Þeim sem verið höfðu án atvinnu í 6 mánuði eða

lengur hefur einnig fækkað töluvert, þeir voru 1.626 í lok janúar á þessu ári en 2.056 í lok janúar 2016.

## Atvinnuleysi eftir menntun

Í janúar fjölgaði atvinnuleitendum með grunnskólapróf hlutfallslega mest og fjölgaði þeim um 592 milli mánaða, enda bitna uppsagnir sem tengjast verkfalli sjómanna mest á þeim sem minnsta menntun hafa. Atvinnulausum fjölgaði þó í öllum menntahópum en háskólamenntuðum hlutfallslega minnst. Talsvert fleiri einstaklingar með grunnskólapróf og starfstengt framhaldsnám voru atvinnulausir í lok janúar í ár en á sama tíma fyrir ári, en fjöldi atvinnulausra með iðnmenntun, stúdentspróf eða háskólamenntun er svipaður og fyrir ári.


Fjöldi atvinnulausra eftir menntun



## Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls var 1.691 erlendir ríkisborgari án atvinnu í lok janúar eða um 29% allra atvinnulausra og hafði fjölgað um 405 frá desember í fyrra. Fjölguninni má að stærstum hluta rekja til verkfalls sjómanna. Flestir erlendu ríkisborgararnir komu frá Póllandi, 1.087 eða um 64% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Þessi fjöldi samsvarar um 9,4% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara í janúar.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni



## Horfur til næstu mánaða

Mikill vöxtur var í efnahagslífinu á árinu 2016 og fjölgaði störfum um nálægt 7.000 samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofnunar. Að miklu leyti tengdist þetta vexti í ferðapjónustu. Horfur eru á að vöxtur í ferðapjónustu verði áfram mikill á árinu 2017 og gert er ráð fyrir auknum vexti í öðrum atvinnugreinum, s.s. byggingariðnaði, verslun og ýmis konar þjónustustarfsemi og í heilbrigðis- og félagsþjónustu með tilheyrandi fjölgun starfa.

Sú þensla sem nú er á vinnumarkaði hefur leitt til mikillar fjölgunar erlends vinnuafis á landinu. Gera verður ráð fyrir að sú þróun haldi áfram með svipuðum hætti á árinu 2017. Einkum má gera ráð fyrir mikilli fjölgun erlendra karla á árinu tengt auknum umsvifum í byggingariðnaði, en erlent vinnuafli í ferðapjónustu mun áfram skiptast nokkuð jafnt á milli kynja.

Á heildina litið má því búast við mikilli fjölgun starfa á árinu 2017 sem verður trúlega á breiðara sviði en verið hefur undanfarin ár. Almennt má því gera ráð fyrir lækkun atvinnuleysis þó svo sjómanna verkfallið hafi neikvæð áhrif á þróun atvinnuleysis, einkum víða á landsbyggðinni.


## Þjónusta við atvinnuleitendur

# Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

### Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Þrátt fyrir að mjög hafi fjölgað í hópi atvinnulausra í janúar á heildina litið, þá fóru jafnframt nálægt 960 manns af skrá í mánuðinum. Vitað er að yfir helmingur þeirra fór í vinnu. Rúmur fjórðungur að auki hætti án þess að fyrir lægju neinar upplýsingar um ástæður afskráningar. Flestir þeirra staðfestu einfaldlega ekki atvinnuleit í lok janúar og má gera ráð fyrir að hátt hlutfall þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu. Þannig fór 31 af skrá þar sem bótaréttur var fullnýttur, 25 fóru í nám af einhverju tagi, 19 voru óvinnufærir, 11 fóru í fæðingarorlof og 60 manns nefndu ýmsar aðrar ástæður, s.s. flutning til útlanda og frí/orlof.



Margir þeirra sem fóru í starf nýttu sér þjónustu vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar við atvinnuleitina. Sumum var miðlað beint í starf af atvinnuráðgjafa, aðrir fengu ráðgjöf og urðu sér út um starf á eigin spýtur og

enn aðrir voru einungis skráðir atvinnulausir og fundu sér starf án nokkurrar aðstoðar.

### Margskonar vinnumiðlunarþjónusta

Vinnumálastofnun miðlaði 11 atvinnuleitendum í störf á grundvelli starfsþjálfunarsamnings í janúar þar sem fyrirtækið fær fjárhagslegan styrk í 6 mánuði til að ráða atvinnuleitanda í tiltekið starf. Alls voru 84 einstaklingar starfandi í slíkum starfstengdum vinnumarkaðs-úrræðum í janúar.

EURES evrópsk vinnumiðlun miðlaði 14 einstaklingum í störf á Íslandi í janúar eftir að fyrirtæki höfðu óskað eftir starfskrafti í gegnum miðlunina. Gerðir voru 16 nýir vinnusamningar öryrkja en í heild eru 816 virkir samningar á landinu eins og lesa má um síðar í skýrslunni. Ráðjafadeild VMST miðlaði þess utan 14 einstaklingum sem fengu fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg í starf í janúar á grundvelli samnings VMST og Reykjavíkurborgar.

## VINNUMIÐLUN VINNUMÁLASTOFNUNAR

Atvinnuleitendur fá ráðgjöf og aðstoð við atvinnuleit.

Störf auglýst á vefsíðu, aðgengileg öllum sem eru í atvinnuleit.

Miðlun atvinnuleitenda í störf óháð bótarétti þeirra.

Evrópsk vinnumiðlun (EURES) aðstoðar atvinnurekendur við að leita að starfsfólki á evrópska efnahagssvæðinu.

Stofnunin sinnir atvinnumálum fólks með skerta starfsgetu, miðlar í störf, veitir eftirfylgd og stuðning inn á vinnustaðinn.

### Auglýst störf í vinnumiðlun í janúar

Í janúar auglýstu fyrirtæki 234 stöðugildi til umsóknar í gegnum vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun. Þar af voru 178 stöðugildi enn í vinnslu við lok mánaðarins. Alls fengu 514 atvinnuleitendur boð um að mæta í


starfsviðtal í gegnum vinnumiðlun stofnunarinnar í janúar.

### Pátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í janúar fóru 564 einstaklingar á stutta kynningar- og starfsleiturfundi þar sem farið var yfir helstu réttindi og skyldur atvinnuleitandans auk þess sem kynnt voru nytsamleg verkfæri í atvinnuleitinni. Pátttaka á slíkum fundum var tiltölulega jöfn milli kynjanna eða 258 konur á móti 306 körlum.

Í janúar fóru 133 einstaklingar á ýmis starfstengd námskeið á borð við tungumálanámskeið, ökuréttindanámskeið, tölvunámskeið og bókhaldsnámskeið. Þar er kynjahlutfallið þannig að 65% þátttakenda voru konur á móti 35% körlum.

Fjöldi í námsúrræðum 2015 og 2016



Að ákveðnum kröfum uppfylltum stendur atvinnuleitendum til boða að stunda nám samhliða atvinnuleit sinni og í janúar nýttu 85 einstaklingar þann möguleika eða 61 kona og 24 karlar. Hér er um að ræða nokkrar einingar í óformlegu námi, frumgreinanámi, námi á framhaldsskólastigi eða háskólastigi. Reynsla síðustu ára sýnir okkur að atvinnuleitendur nýta þennan rétt sinn mest í apríl og maí á hverju ári líkt og sjá má á myndinni hér að ofan.


Í janúar voru 13 atvinnuleitendur í ýmis konar atvinnutengdri endurhæfingu, 8 karlar og 5 konur. Farið verður betur ofan í saumana á þeim úrræðum sem Vinnumálastofnun hefur skilgreint sem atvinnutengda endurhæfingu í febrúarskýrslu Vinnumálastofnunar.

Atvinnuleitendur hafa í gegnum tíðina haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmynda með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í janúar unnu 26 einstaklingar að slíkri hugmynd, 8 karlar og 18 konur.

### Atvinnuleit erlendis

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES ríkis í allt að þrjú mánuði fá þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í janúar fengu 19 einstaklingar U2 vottorð og fóru flestir í atvinnuleit til Póllands. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hvar atvinnuleitendur með U2 vottorð frá Íslandi voru í atvinnuleit í janúar.

Útgefin U2 vottorð sem leyfi til atvinnuleitar í öðru ríki EES í janúar



- Bretland
- Danmörk
- Eistland
- Frakkland
- Írland
- Litáen
- Portúgal
- Pólland
- Tékkland


## Atvinnumál fólks með skerta starfsgetu

# Vinnusamningar öryrkja


Vinnumálastofnun tók við umsýslu vinnusamninga öryrkja 1. janúar 2016 frá Tryggingastofnun. Vinnusamningar öryrkja eru endurgreiðslusamningar við atvinnurekendur sem hafa ráðið fólk með skerta starfsgetu til starfa. Vinnusamningar öryrkja standa þeim atvinnuleitendum til boða sem hafa gilt örorkumat, endurhæfingarlífeyrir eða örorkustyrk undir 50%.

Í janúar voru í gildi 816 vinnusamningar um allt land. Skiptinguna milli landsvæða má sjá hér að neðan.

Fjöldi virkra vinnusamninga öryrkja eftir aldri og kyni í janúar



Fjöldi virkra vinnusamninga öryrkja eftir landsvæðum í janúar 2017



Þegar litið er til þess hvernig kynin og mismunandi aldurshópar nýta sér vinnusamninga öryrkja er það að segja að af þeim 816 vinnusamningum sem voru í gildi í janúar voru 454 (55,6%) merktir körlum og 362 (44,4%) konum.

Aldursdreifing þeirra sem nýta sér vinnusamninga öryrkja er nokkuð áhugaverð en hún sýnir að fjölmennasti hópurinn sem nýtir sér slíka samninga er undir 29 ára aldri (33%).

## ATVINNUMÁL FÓLKS MEÐ SKERTA STARFSGETU

Frá áramótum hefur starfsfólk atvinnumiðlunar fólks með skerta starfsgetu heimsótt fjölda fyrirtækja, félagasamtaka og stofnana á höfuðborgarsvæðinu til að kynna þjónustu okkar og þann mannauð sem býr meðal atvinnuleitenda.

Markmiðið með heimsóknunum er að fræða atvinnurekendur um fjölbreytta þekkingu, reynslu og menntun atvinnuleitenda með skerta starfsgetu, minnka fordóma og auka framboð á fjölbreyttum hlutastörfum. Við bjóðum vinnustöðunum aðstoð við að greina möguleg hlutastörf t.d. með því að skoða hugsanlega álagspunkta og afmörkuð verkefni innan fyrirtækisins þar sem heppilegt gæti verið að ráða inn starfsmann í hlutastarf.

Fyrirtækin hafa tekið afar vel á móti okkur og nú þegar höfum við fengið **sextán stöðugildi** hjá nokkrum fyrirtækjum og fleiri eru að skoða möguleika á hlutastörfum.




## Útlendingar

# Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

### Atvinnuleyfi útlendinga

Í janúar gaf Vinnumálastofnun út 141 nýtt atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi og er það þriðja árið í röð þar sem er áframhaldandi aukning á útgefnum atvinnuleyfum í upphafi árs frá fyrra ári. Um mitt árið 2015 tók að fjölga mikið umsóknum um atvinnuleyfi fyrir útlendinga hjá Vinnumálastofnun og bendir fjöldi útgefinna atvinnuleyfa í janúar nú til þess að áframhald verði á þessari fjölgun atvinnuleyfa. Rekja má þessa miklu aukningu til mikillar eftirspurnar eftir starfsfólki á íslenskum vinnumarkaði. Þróunin sést vel á meðfylgjandi mynd þar sem fjöldi útgefinna atvinnuleyfa í janúar síðustu þriggja ára er skoðaður.




Sérstaklega hefur orðið mikil aukning á útgefnum atvinnuleyfum vegna starfa sem krefjast sérfræðisþekkingar, en þau hafa aukist úr 7 útgefnum leyfum í janúar 2015 í 30 leyfi í janúar 2017. Sambærileg þróun hefur verið í útgefnum atvinnuleyfum til námsmanna, en þeim hefur fjölgað úr 6 leyfum í janúar 2015 í 55 leyfi í janúar 2017.

### Þjónustufyrirtæki frá EES og starfsmannaleigur

Fjöldi erlendra fyrirtækja sem starfa hér á landi hefur aldrei verið meiri en í janúar 2017. Í mánuðinum voru 29 fyrirtæki starfandi á Íslandi samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar. Fjöldi starfsmanna á vegum þessara fyrirtækja var 320. Þá voru starfsmenn innlendra sem erlendra starfsmannaleiga samtals 851 í mánuðinum á vegum 22 aðila.

Fróðlegt er að skoða þjóðerni starfsmanna erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmannaleigna en stærsti hlutinn er með pólskt ríkisfang, eða um 48%. Á meðfylgjandi mynd sést skipting starfsmanna í þjónustufyrirtækjum og starfsmannaleigum í janúar eftir þjóðerni.



## ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA GREIDDI


# 31 launamanni

vangoldin laun vegna gjaldþrota  
fyrirtækja í janúar 2017.

## Fæðingarorlofssjóður

Alls greiddi Fæðingarorlofssjóður 829 milljón krónur til 4.057 foreldra í janúar, 2.792 konum og 1.265 körlum. Fæðingarorlofssjóður vinnur nú að því að bæta rafræna þjónustu sína og stefnir að því að umsækjendur geti klárað umsókn sína rafrænt í lok árs 2017.

Heildargreiðslur Fæðingarorlofssjóðs í  
janúar 2017 skipt niður á kyn



## Hópuppsagnir

Í janúar var tilkynnt um tvær hópuppsagnir þar sem 41 starfsmanni var sagt upp í heilbrigðis- og félagsþjónustu og 20 í fiskvinnslu, samtals 61.

Á árinu 2016 bárust Vinnumálastofnun 13 tilkynningar um hópuppsagnir, þar sem 493 einstaklingum var sagt upp störfum. Flestir hafa misst vinnuna í fiskvinnslu, 122 eða um 25% allra hópuppsagna, í iðnaðarframleiðslu 105, eða um 21%, 73 í upplýsinga- og fjarskiptagreinum eða um 15%, 61 í verslunarstarfsemi eða um 13% og í mannvirkjagreinum 51 eða um 10%.

Um 65% tilkynntra hópuppsagna á árinu 2016 voru á höfuðborgarsvæðinu og um 10% á Norðurlandi eystra og á Vesturlandi.

Samtals hefur 10.018 einstaklingum verið sagt upp í hópuppsögnum á 9 árum. Flestir misstu vinnuna á þriggja mánaða tímabili frá desember 2008 til febrúar 2009 og svo næstu 3 mánuði þar á eftir.

### Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

**Excelskjöl** með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

**Pdf skjöl** sem auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

**Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi** og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra